

Háttvirtir fulltrúar í Fjárlaganefnd Alþings
Hr. Ásbjörn Óttarsson
Hr. Höskuldur Þórhallsson
Hr. Kristján Þór Júlíusson
Fr. Ólöf Nordal
Hr. Þór Saari

Reykjavík 20. júlí 2009

Efni: Svar við bréfi dags. 20. júlí 2009, um ríkisábyrgð á lántöku Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (Icesave-samningar).

Ósk um úttekt:

- Óskað var eftir úttekt Hagfræðisstofnunar Háskóla Íslands á fylgigögnum fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands samkvæmt meðfylgjandi verkefnalýsingu frá Kára Sigurðssyni, hagfræðingi.
 - *Svar: Ég tel ekki eðlilegt að senda álit fjármálaráðuneytis eða Seðlabanka Íslands til sérstakrar úttektar utan að komandi aðila, hversu góðir sem þeir kunna að vera. Ég hef leyft mér að senda fyrirspurn til Hagfræðistofnunar HÍ, þar sem spurst er fyrir hvort stofnunin eigi kost á að rýna viðkomandi gögn, koma með ábendingar og tillögur sem mættu verða að gagni fyrir fjárlaganefnd í mati á áhættunni við ríkisábyrgð á lántöku Tryggingasjóðsins. Óskað er upplýsinga um hve langan tíma taki að rýna þessi gögn og hver kostnaðurinn yrði. Jafnframt er spurt um líklegt gildi slíkrar rýni til að upplýsa fjárlaganefnd betur um áætlað greiðsluþol og efnahagslega stöðu íslenska ríkisins að sjö árum liðnum. Afstaða til erindisins verður tekin af fjárlaganefnd þegar svar hefur borist.*
Meðfylgjandi var, Verkefnalýsing, Kári Sigurðsson.

Óskað er eftir að eftirfarandi gestir verði boðaðir á fund fjárlaganefndar Alþingis svo fljótt sem auðið er:

- Ragnar H. Hall, hrl. Hörður Felix Harðarsson, hrl, Eiríkur Elís Þorláksson, hrl. og Steinunn Guðbjartsdóttur, hrl. varðandi ágreining um hvort bresku og hollensku innistæðusjóðirnir eigi sama forgangsrétt og íslenski innistæðusjóðurinn við útgreiðslu krafna úr þrotabúi Landsbankans.
 - *Svar: Reynt var að boða viðkomandi aðila á fund fjárlaganefndar strax á morgun, þriðjudag 21. júlí, en aðeins Steinunn Guðbjartsdóttir gat mætt og er málið því ekki komið á dagskrá. Borið verður upp við fjárlaganefnd hvort hægt verði að fá formlegt lögfræðilít viðkomandi aðila, ef ekki næst að halda sameiginlegan fund lögfræðinga með ólík sjónarmið hvað varðar ofanefnd*

ágreiningsmál. Ég tel mikilvægt að reyna að eyða þessari laga óvissu ef hægt er.

- Fulltrúar bresku lögmansstofunnar Mischon De Reya í London. Í greinargerð með lagafrumvarpinu var þess sérstaklega getið að notið hefði verið aðstoðar lögmansstofunnar við samningagerðina. Fulltrúar hennar hafa óskað eftir því við einstaka nefndarmenn að þeir fái að koma fyrir nefndina og skýra sína aðkomu að málinu. En samkvæmt upplýsingum frá þeim var aðkoma þeirra önnur en fram hefur komið og m.a. uppi fleiri möguleikar til samkomulags en nú liggur fyrir nefndinni.
 - Svar: Send hefur verið fyrirspurn til bresku lögmansstofunnar og óskað staðfestingar á ósk um að fulltrúar stofunnar komi á fund fjárlaganefndar og jafnframt hvort stofan hafi einhverjar upplýsingar sem gagnast mætti í umfjöllun fjárlaganefndar í vinnu hennar um Icesave málið. Afrit að fyrirspurninni verður send nefndarmönnum.
- Davíð Oddsson fv. Seðlabankastjóri og Björgvin G. Sigurðsson, fyrrv. viðskiptaráðherra. Til að varpa ljósi á þann ágreining hvort Íslensk stjórnvöld hafi skuldbundið sig til að greiða Icesave samningana í aðdraganda og í kjölfar bankahrunsins. (Vísað er til beiðni Höskuldar Þórhallssonar, alp.m. sama efnis dags. 10. júlí sl.)
 - Svar: Eins og kunnugt er hefur formaður fjárlaganefndar lagst gegn því að nefndin ráðist í rannsóknarvinnu vegna hruns bankanna og þess vegna ekki kallað til fundar við nefndina fyrrum ráðherra, forstöðumann FME eða fyrrum bankastjóra Sí. Hvað varðar þetta erindi er rétt að benda á að í fleiri en einu skjali og í viðtölum hefur komið fram að ágreiningur er um hvort bréf eða yfirlýsingar séu lagalega og eða siðferðilega skuldbindingar fyrir íslensk stjórnvöld. Flestir telja að ekki hafi verið um lagalegar skuldbindingar að ræða. Er ágreiningur um þá túlkun? Ef svo er óskast tilgreind þau bréf og eða yfirlýsingar sem óskað er álits á.

Óskað var eftir framlagningu eftirfarandi gagna:

- Settlement agreement. Ítrekuð er beiðni nefndarmanna um að leynd verði svipt af uppgreiðslusamningnum við Breta og hann þýddur á íslensku. (Nr. 1 í leyniskjölum.)
 - Svar: Beiðni um að aflétta trúnaði og beiðni um þýðingu skjalsins var lögð fram 13. júlí s.l. Svar hefur borist og hefur það verið sent nefndarmönnum og er íslensk þýðing væntanleg n.k. miðvikudag. Skjalið er enn trúnaðarskjal að kröfu gagnaðila í málinu en ég hef ítrekað beiðni um að aflétta trúnaðnum að fullu. Skjalið verður afhent nefndarmönnum á fundi fjárlaganefndar á morgun.
- Memorandum of understanding (MOU) frá oktbóber 2006. Í ofangreindum uppgreiðslusamningi við Breta er vísað til MOU frá árinu 2006. Það er hvergi að finna í þeim gögnum sem nefndarmenn hafa undir höndum. Óskað er framlagningar skjalsins.

- Svar: Staðfest hefur verið að þetta skjal er til og verður afhent fjárlaganefnd strax og það er komið í hús. Að sjálfsögðu hefur verið óskað eftir að trúnaði verði aflétt af skjalinu.
- Dómur Evrópudómstólsins c-222/02 og að hann verði þýddur yfir á íslensku.
 - Svar: Verið er að vinna í málinu og kannað hvort fyrir liggur íslensk þýðing.
- Að skýrsla Elviru verði öll þýdd yfir á íslensku.
 - Svar: Þýðing á megin niðurstöðum liggur fyrir, en óskað hefur verið eftir að skjalið verði þýtt í heild sinni. Málið er í höndum Sigrúnar Brynju forstöðumanns nefndarsviðs.
- Svör Seðlabanka Íslands við skriflegum fyrirspurnum nefndarmanna fjárlaganefndar og efnahags- og skattanefndar verði lögð fram.
 - Svar: Svör hafa borist og verða þau send í tölvupósti í kvöld og lögð fram á fundi fjárlaganefndar á morgun. Enn á eftir að ganga frá endanlegum yfirlestri og er beðið um að skjalinu verði ekki dreift fyrir en þeim yfirlestri er lokið.
- Að skjal utanríkisráðuneytisins um skilning á friðhelgisákvæðum verði lagt fram.
 - Svar: Skjal sem heitir „Lög, lögsaga og takmörkun á friðhelgisréttindum“ dags. 6. júlí hefur verið lagt fram í fjárlaganefnd. Er um eitthvert annað skjal að ræða?
- Að yfirlit yfir öll gögn Icesave málsins, þar á meðal tölvupósta verði lögð fram.
 - Svar: Bréf voru send til viðskiptaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis, með spurningu um hvort öll gögn hafa verið lögð fram. Svör ráðuneyta liggja fyrir og hafa fyrir nokkru verið lögð fram í nefndinni.

Vonandi næst gott samstarf um að ljúka umfjöllun um Icesave sem fyrst og góð samstaða um nefndarálit fjárlaganefndar. Ég legg áherslu á að málinu verði lokið á þessu þingi og fyrir þinghlé.

Það skiptir miklu máli fyrir endurreisn okkar efnahagslífs, lánaþyrngreiðslur og alþjóðleg samskipti okkar að þessu máli ljúki með sátt.

Virðingarfyllt



Guðbjartur Hannesson formaður fjárlaganefndar